

Keilusamband Íslands

Þinggerð 15. ársþings KLÍ



Miðvikudaginn 14. maí 2008

Íþróttamiðstöðin Álftanesi

Keilusamband Íslands

15. ársþing KLÍ

Miðvikudaginn 14. maí 2008

Íþróttamiðstöðin Álftanesi

Dagskrá þings

- 1 Þingsetning
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd
 - c) Laga- og leikreglnanefnd
 - d) Allsherjarnefnd
 - e) KjörnefndNefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Þinghlé

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttþing ÍSÍ.
- 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 14 Þingslit.

Þingforseti: Hafsteinn Pálsson

Þingritari: Laufey Sigurðardóttir

Stjórn KLÍ: Þórhallur Hálfðánarson formaður
Árni Geir Ómarsson varaformaður
Halldóra Í. Ingvarsdóttir gjaldkeri
Laufey Sigurðardóttir ritari

Varastjórn:

Þingfulltr. UMSK: Ásgrímur Helgi Einarsson KFK
Guðmundur . Kristófersson KFK
Laufey Sigurðardóttir KFK

Þingfulltrúar ÍBR: Arnar Sæbergsson ÍR – ekki mættur
Árni Geir Ómarsson ÍR
Halldóra Í. Ingvarsdóttir ÍR
Hannes Hannesson ÍR
Magnús Reynisson KR
Reynir Þorsteinsson ÍR
Róbert Dan Sigurðsson ÍR
Sigfríður Sigurðardóttir KFR
Sigurður Eggert Ingason ÍR – ekki mættur
Helga Sigurðardóttir KFR
Theódóra Ólafsdóttir KFR
Þórir Ingvarsson KFR
Þórhallur Hálfðánarson ÍR – varamaður fyrir Sigurð
Andrés Páll Júlíusson KR – varamaður fyrir Arnar

Þingfulltrúar ÍA: Guðmundur Sigurðsson KFA
Magnús Guðmundsson KFA
Einar Jóel Ingólfsson KFA
Vilborg Lúðvíksdóttir KFA
Ársæll Erlingsson KFA

1. Þingsetning

Þórhallur Hálfðánarson (ÞH) formaður KLÍ bíður alla velkomna og setur þingið klukkan 18:10

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Formaður KLÍ bar fram tillögu þess efnis að Hafsteinn Pálsson (HP) yrði skipaður þingforseti, Laufey Sigurðardóttir (LS) þingritari og hann sjálfur varaþingforseti. Tillagan var samþykkt. Því næst gaf hann Hafsteini orðið, sem fór yfir dagskrá þingsins. Engar athugasemdir komu fram og taldist boðunin því lögleg.

3. Kosnar fastanefndir

Kjörbréfanefnd: Laufey Sigurðardóttir, Helga Sigurðardóttir og Halldóra Ingvarsdóttir.

Kjörnefnd: Ásgrímur Helgi Einarsson, Guðmundur Sigurðsson, Þórir Ingvarsson og Þórarinn Már Þorbjörnsson.

HP bar upp tillögu þess efnis að allar tillögur sem fyrir þinginu lágu yrðu afgreiddar í málstofu, og salurinn starfaði því sem allsherjarnefnd. Ekki þyrfti því að skipa fjárhagsnefnd eða laga- og leikreglanefnd. Samþykkt samhljóða.

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa og gerði síðan grein fyrir störfum sínum. Fulltrúi nefndarinnar fór yfir kjörbréfin, sem voru þrjú. UMSK skipti úr Jósef og í stað hans kom Laufey. Helga kom inn hjá ÍBR í stað Sesselju Unnar. Allir fulltrúar voru mættir frá ÍA. Engar athugasemdir komu fram og voru kjörbréfin samþykkt.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Þórhallur Hálfðánarson formaður KLÍ fór yfir störf stjórnar síðastliðið tímabil. Starfsemin hefur verið í föstum farvegi og snúist að miklu leyti um daglegan rekstur og mótahald. Fór hann einnig yfir helstu úrslit móta og tífundaði helstu titilhafa. Nokkur fjölgun hefur átt sér stað í keilunni eða um 22 þátttakendur, flestir hjá KFK og KFA. Opnaður var nýr keilusalur á Akureyri. Einnig var aukning á þátttöku í mótum ársins.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Ársreikningur KLÍ var endurskoðaður af Guðna Gústafssyni löggiltum endurskoðanda og samþykktu af honum og Pétri Helgasyni. Halldóra Í. Ingvarsdóttir (HI) gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar. Rekstrartekjur voru 5.970 þúsund krónur en rekstrargjöld voru 5.045 þúsund. Rekstrarafgangur fyrir árið 2007 var því um 925 þúsund krónur. Orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þórarinn Már Þórarinsson (ÞMÞ) ÍR spyr um rekstrargjöld, kostnað vegna móta erlendis og vill sjá nánari skiptingu á milli móta

ÞH spyr hvort það sé bara núna eða almennt.

ÞMÞ óskar eftir að það verði gert framvegis, sundurliðun á þessum tölum. HI skýrði helstu tölur við mótahald erlendis. Fleiri tóku ekki til máls og var umræðum því lokið. Reikningar eru samþykktir samhljóða.

Ólafur E. Rafnsson

Ólafur byrjar á að skila kveður og þakkar prýðilega skýrslu. Keilan ein af dýrmætustu ípróttunum innan ÍSÍ, sérsambönd eru um 55 talsins, héraðssamböndum er aftur á móti að fækka. Ólafur hrósar Hafsteini fyrir góð störf. Talar um heimasíður og að efla samskipti. Ánægður að sjá Valgeir sem hefur unnið ötult starf fyrir Keilusambandið og ÍSÍ. Vill hrósa okkur þrátt fyrir smæð, hrósar fyrir heimasíðuna, auðvelt að sjá hvað er í gangi. Stærri sambönd eru ekki að standa sig eins vel. Honum þótti leitt að Þórhallur væri að hætta sem formaður og telur að eitt sem við þurfum að huga að er að fá nýtt fólk til að koma að þessum störfum, við erum hér til þess að efla keiluna. Afreksstefna og útbreiðsla keilunnar eru nauðsynleg og vel er að sjá að landsliðin eru að fara erlendis og þarf að halda því áfram. Útbreiðsluvinnan er mjög mikilvæg en vandamálið er húsnæðismál, þau eru ekki góð. Keila er eina ípróttagreinin sem er háð einkaaðilum. Fjármál eru heilbrigð en tekur undir að sundurliða þurfi stærstu útgjaldaliðina. ÍSÍ og Ríkisframlög til ípróttta: höfum verið að fá stighækkandi framlag. Það á að verða meiri jöfnuður í framlögum, minni samböndin eiga að hækka í framlögum og Keilusambandið er að fá meira í framlög og óskað er eftir að eigin fjáröflun aukist, því eftir því sem við leggjum meira á vogaskálarnar þeim mun meira fáum við frá ÍSÍ. Ólafur hlakkar til að starfa með nýju stjórninni á komandi starfsári.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

HP stingur uppá að geyma umræðu um hana þar til síðar. ÞH tekur til orða og segir að tæknin hefur eitthvað strítt okkur og bendir á að tölur eru ekki réttar á áætlun.

7. Laga- og leikreglnabreytingar lagðar fram.

ÞH tók til máls og fór yfir þær tillögur sem fram voru komnar. Fyrir þinginu lágu þrjár tillögur, allar frá stjórn KLÍ. Fjallað um Íslandsmót liða 4, 6, og 10 lið. Aganefnd liður 4 og 5. Auk þess skoðaðar reglur um keilumót. ÞH útskýrir að það kom fram á formannafundi að ekki er keppt um 3 sæti liða. Einnig var tillaga um breytingar á frestunum.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

Ekki komu aðrar tillögur til umræðu.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Tekið var fyrir þingskjal 2.

Tillaga um breytingu á 4. grein reglugerðar um Íslandsmót liða þess efnis að síðasta setningin verði felld niður “Liðin sem töpuðu í undanúrslitum skulu leika eina viðureign uppá þriðja sætið”.

Reynir Þorsteinsson (RÞ) ÍR spyr Ólaf hvornig þetta sé í öðrum ípróttum. Ólafur segir að það sé ekki leikið til úrslita í öðrum ípróttgreinum um 3. sætið en því sé stillt upp. ÞMÞ ÍR segir að í öðrum greinum sé þetta gert uppá sjónvarpið. Þórir Ingvarsson (ÞI) KFR segi að ef samþykkt sé að breyta 4. grein þurfi einnig að breyta 17. grein. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. grein er samsvarandi 4. grein og enginn gerir athugasemd við breytingartillöguna. Hún er samþykkt samhljóða.

10. gr Frestun viðureigna, sjá þingskjal nr. 3.

RÞ er sammála að það þurfi að breyta þessari reglu en skilur ekki afhverju þurfi að tilkynna virka leikmenn. Leikmenn eru stundum inni vegna fornrar frægðar en teljast sem liðsfélagar og telja þegar beðið er um frestun á leik.

Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR telur ekki nauðsynlegt að tilkynna hverjir séu virkir. Ekki gott að hafa skráða aðila sem ekki eru virkir.

Guðmundi Sigurðssyni (GS) KFA finnst ekki rétt að það þurfi að skrá menn út ef þeir eru ekki virkir.

Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) KFK bendir á að þar sé skráður aðili sem er heiðursfélagi.

Skipuð var laga og leikreglunefnd til að laga þetta mál. Fulltrúar í nefndinni voru:

Ásgrímur Helgi Einarsson KFK, Reynir Þorsteinsson ÍR, Þórir Ingvarsson KFR og Guðmundur Sigurðsson KFA. Þingskjali 3 frestað.

Breyting á 17. grein breytt í samræmi við 4. grein reglugerðar um Íslandmót liða.

Þingskjal nr. 4 Reglur fyrir Aganefnd KLÍ. 4. grein lið a) breytt. Bætt inni að það fást 2 refsistig fyrir: reykingar og aðra tóbaksnotkun. Í 5. grein voru breytingarnar þessar:

Refsing skal vera að lágmarki sem hér segir:

- Fyrir 4 refsistig 1 sería í bann
- Fyrir 6 refsistig 2 seríur í bann
- Fyrir 10 refsistig 4 seríur í bann
- Fyrir 16 refsistig 10 seríur í bann.

Þessi breyting var samþykkt á formannafundi og því ekki tekin fyrir á þinginu.

Enginn tók til máls og var því samþykkt samhljóða.

ÁHE gerði grein fyrir þingskjali nr. 5 vegna 18. greinar. Ákvæði um fatnað verði breytt í neðri deildum um að ekki sé þörf á að leikmenn séu í eins buxum. Auk þess talaði hann um 23. grein. Telur tímamörk og stutt og vill lengja þau.

Orðið laust:

GS telur betra að hafa 18. grein óbreytta en að litið sé í gegnum fingur sér með klæðaburð í neðri deildum.

ÁHE telur ekki rétt að líta í gegnum fingur sér með eina grein en ekki aðra.

HP spyr um skipun frá stjórn. ÞMP er sammála ÁHE um að fara skuli eftir reglum en finnst rétt að reyna að halda í þær. Tillagan var felld með 6 atkvæðum á móti 10. Í þingskali 5 voru einnig breytingar á upphitun og hljóðaði breytingin svona:

Upphitun í keilumótum skal vera eftirfarandi að lágmarki:

2-4 keppendur á setti -5 mínútur

5 og fleiri keppendur á setti -10 mínútur að lágmarki

Mótstjóra er heimilt að lengja upphitun.

HP talar lítillaga um formlegheit við lagabreytingar og að ekki megi fara út af þeirri leið.

Ekki voru önnur mál undir þessum lið og taldist því tæmdur.

Vakin athygli á veitingum og hlé gert á fundi klukkan 19:15.

Að hléi loknu var haldið áfram með þingskjal nr. 3. Laga og leikreglunefnd kom með eftirfarandi breytingar tillögur á framlagðri tillögu.

1. málsgrein (mgr) óbreytt
2. mgr óbreytt
3. mgr: leiki óvirkur leikmaður telst hann virkur leikmaður það sem eftir er tímabils.
4. mgr. felld niður

5. mgr. Settur á af mótanefnd
6. mgr. óbreytt
7. mgr. fella niður frá (og ekki er hægt.....)

Orðið laust:

1. mgr. samþykkt samhljóða
2. mgr. samþykkt samhljóða
3. mgr. GS telur að þetta eigi að vera svona. TÓ telur að skrá nýja leikmenn eigi ekki við. HP talar um að halda skuli inni bakhjörllum. Samþykkt með 13 atkvæðum á móti 2.
4. mgr. Upp kom umræða hvort eigi að senda frestunardeiðni til annars en formanns mótanefndar. Samþykkt samhljóða.
5. mgr. Bætt aftan við, að leikurinn er settur á og spilaður, ekki er veittur frestur, afgangur af setningu er fellt út. Samþykkt af öllum nema einum.
6. mgr. Var samþykkt, um að breyta megi leikdegi en nokkur umræða. Arnar Sæberg (AS) var með þá tillögu að ekki ætti að breyta einum einasta leikdegi, leikmenn skyldu skipuleggja sig fyrirfram. TÓ sagði að við yrðum að taka tillit til þess að við værum háð einkaaðilum sem reka keilusalinn í Öskjuhlíð og gætum lent í að fresta öllum leikjum í húsinu vegna tvíþóknar. Helga Sigurðardóttir (HS) KFR taldi að frestunum myndi fækka ef vitað væri um virka leikmenn fyrirfram.
7. mgr. ÞH kom með tillögu um að öllum öðrum leikjum skal vera lokið fyrir næst síðustu umferð. KR-ingar vildu ekki að tveimur síðustu umferðunum væri frestað eins og breytingartillagan hljómaði upphaflega og var það samþykkt samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Stjórnin lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár (þingskjal nr. 1) og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir 2009 sem ÞH fór yfir. Áætlun fyrir árið 2009 hljóðaði upp á 6,550 milljónir í tekjur. Tekjur af mótum og kostnaður við brautaleigu hækkar lítillega, en á móti koma hærri styrkir frá ÍSÍ. Áætlun fyrir árið 2009 hljóðaði upp á 6,550 milljónir í tekjur og 7,820 milljónir í gjöld, og rekstratap uppá 1,270 milljónir. ÞMP bendir á að HP hafi bent á að áætla varlega lottó tekjur en í raun hafa tekjurnar farið stig hækkandi í gegnum árin.

Einar Jóel Ingólfsson (EJI) KFA spurði hvor við reiknuðum með að brautarleiga lækki á árinu 2009.

ÞMP fanst fásinna að lækka gjöld vegna brautarleigu.

ÞH benti á að brautaleiga fari ekki lengur í gegnum KLÍ.

Valgeir Guðbjartsson (VG) KFR og ÞMP segja að aðeins brautaleiga vegna Íslandsmóts unglunga fari í gegnum KLÍ.

VG óskaði eftir því að gjöld vegna brautarleigu væru hækkuð í 750.000 til 850.000 og að tekjur væru einnig hækkaðar í 850.000.

Ákveðið var að hækka brautarleiguáætlun og kostnaðaráætlun á sama hátt um 950.000.-

ÞMP þótti skjóta skökku við að útbreiðslustyrkur væri áætlaður uppá 750.000.- og vildi vita hvort það væri á áætlun að nota hann.

VG ræddi um að ríkisstyrkurinn mætti hækka úr 1.600.000 í 1.800.000. HP mundi ekki hvort hækkunin væri komin í topp en ÞH taldi að hækkunin hafi verið áætluð um

10.000.000. á ári í 6 ár því taldi hann raunsætt að hækka ríkisframlagið í 2.000.000. HP taldi ráðlegast að fara varlega í þessa hækkun. Talið var að varlega áætlað ættum við að eiga 230.000 í lok árs.

HP taldi einnig að ef við myndum auka starfshlutfall starfsmanns um helming væri mögulegt að auka útbreiðslu keilufþóttarinnar.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ

Tillaga kom frá kjörnefnd sem var eftirfarandi:

Formaður:

Þórir Ingvarsson KFR

Stjórnarmenn til 1. ára:

Hörður Ingi Jóhannsson ÍR

Árni Geir Ómarsson ÍR, situr áfram til 1. árs

2 stjórnarmenn til 2ja ára:

Þórarinn Már Þórarinsson ÍR

Valgeir Guðbjartsson KFR

Varamenn:

Ásgrímur Helgi Einarsson KFK

Guðmundur Sigurðsson KFA

Helga Sigurðardóttir KFR

Fulltrúi á íþróttaping

Tillaga VG var að þessu yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt samhljóða

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn ársreiknings verði:

Guðni Gústatsson

Sirry Hrönn Haraldsdóttir

Samþykkt samhljóða

13. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar

Tillaga var gerð um að fella niður lið 13 og setja inn að þingritari gangi frá þinggerð með stjórn.

Samþykkt samhljóða.

14. Þingslit

Þórhallur Þakkaði fyrir góðan aðalfund og góða fundarstjórn af hálfu Hafsteins og óskaði nýrri stjórn og nýjum formanni farsældar á komandi ári.

Þórir Ingvarsson KFR nýr formaður KLÍ þakkaði fyrir stuðninginn og vonaði eftir góðu samstarfi við alla. Einnig vonaði hann að Hafsteinn sæi sér fært að mæta aftur að ári og stjórn ársþingi Keilusambandsins.

Hafsteinn þakkaði að lokum fyrir samstarfið og óskaði öllum góðs keiluárs og góðrar heimferðar. Þingi var slitið klukkan 20:30